

Byggðastofnun.

Ísafirði 1. október 2021

Umsögn; skilgreiningar opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis, mál nr 157/2021 í Samráðsgátt

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) vill fagna þeirri vinnu sem hér hefur verið unnin og leggur áherslu á mikilvægi skilgreiningar opinberrar þjónustu að hálfu ríkis og sveitarfélaga og að verkefninu verði fylgt eftir.

Við vinnslu málsins hefur Fjórðungssamband Vestfirðinga kynnt sér umsögn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) dags 28. september 2021, um sama mál. Tekur stjórn Fjórðungssambands undir þau atriði sem koma fram í umsögn SSV.

Stjórn FV vill árétta mikilvægi þess að við áframhaldandi vinnu að verkefninu verði gerður skýr greinarmunur á lögbundinni þjónustu sveitarfélaga, lögheimilli þjónustu og valkvæðum verkefnum. Ákall um þjónustu íbúa hefur aukist á undanförunum árum og ekki annað séð en slík þróun haldi áfram og auki kostnað sveitarfélaga. Við lagasetningu frá Alþingi á undanförunum árum hafa verið sett ákvæði um aukna þjónustu sveitarfélaga en þess ekki gætt að henni fylgi nægjanlegt fjármagn. FV væntir þess að skilgreining á opinberri þjónustu auki gegnsæi við samningu frumvarpa og umfjöllun Alþingis.

Minnt er ákvæði laga um opinber fjármál 123/2019, þ.e. 9. gr laga *Horfur og þróun til lengri tíma* þar sem lagt er heildrænt mat á áhrif fjármálastefnu. FV telur mikilvægt að niðurstaða á skilgreiningu á opinberrar þjónustu verði hluti af slíku mati. Eins telur FV að skilgreiningar opinberrar þjónustu muni gera Byggðastofnun auðveldara að meta áhrif frumvarps til fjárlaga, um áhrif frumvarpsins á þróun og framkvæmd opinberrar þjónustu á starfsvæði Byggðastofnunar. Er hér vísað til ákvæða 4. mmgr, 14. gr laga um opinber fjármál.

Aðgengi að þjónustu. Í kafla um aðgengi að þjónustunni er réttilega tilgreint að það felur í sér áskorun að veita opinbera þjónustu í víðfeðmu og dreifbýlu landi. FV leggur til að hér verði fjallað um árstíðarbundnar áskoranir í veitingu þjónustu og þar er skipulag og framkvæmd vetrarþjónustu á vegum grundvallarmál. Vetrarþjónusta er að talsverðu leyti metin út frá umferðapunga, þannig er sólarhringsþjónusta á höfuðborgarsvæði og nágrenni þess, en eftir því sem umferð er minni er dregið úr þjónustunni og í tilfelli Árneshrepps er ekki um vetrarþjónustu að ræða frá byrjun janúar til loka mars. FV lagði til í umsögn um Grænbók samgönguáætlunar í ágúst s.l. að lágmarki verði þjónusta frá kl sex á morgnana til miðnættis, helst allan sólarhringinn. Hér leggur FV því til að við framhald vinnu að skilgreiningu á opinberri þjónustu verði skipulag vetrarþjónustu endurskoðuð til að tryggja aðgengi íbúa.

Í annan stað leggur Fjórðungssamband Vestfirðinga áherslu á að skoðuð verði staða vegasamgangna, flugssamgangna og gagnaflutninga í hverjum landshluta. Lagt verði m.a. mat á áhrifum á aðgengi að opinberri þjónustu s.s. áhrif fjallvega, hlíða með ofanflóðahættu og erfiðum flugskilyrðum. Aðgengi í dreifbýli að góðum gagnaflutningum hefur að stórum lagast en víða eru þéttbýliskjarnar sem búa við slæmt aðgengi og dregur úr jöfnun aðgengis að þjónustu.

Fjórðungssamband Vestfirðinga áskilur sér rétt að veita umsögn um málið á síðari stigum.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri